

# SÚGANDISEY

SAMKEPPNI UM SKIPULAG- OG HÖNNUN ÁFANGASTAÐAR

DÓMNEFNDARÁLIT  
SEPTEMBER 2020





Verkkaupi: Stykkishólmsbær

Samstarfsaðili: Félag íslenskra landslagsarkitekta ( FÍLA)

Ritstjórn og samræming texta: Dagný Bjarnadóttir FÍLA

Hönnun - Umbrot - Prentun: Anok margmiðlun





# INNGANGUR

Súgandisey er eftirsóttur útsýnisstaður við Stykkishólm, þar sem bæði er hægt að njóta útsýnis yfir eyjarnar á Breiðafirði og að bænum. Þrep frá höfninni leiða gesti að stíganeti sem hefur verið byggt upp frá árinu 2012, eftir uppdrætti Landlína ehf. Það sýnir sig að klettatangi einn á eyjunni laðar sérstaklega að sér ferðamenn til útsýnisupplifunar. Sá staður er sjálfsprottinn og var ekki hluti af stíganetinu, en þverhniptur stuðlabergs tanginn var talinn geta skapað fallhættu í straumpungann sjóinn fyrir neðan.

Á fundi í apríl 2019 með umhverfis-og náttúruverndarnefnd var lagt fram minnisblað bæjarstjóra um hugmynd að útsýnispalli á tanganum, sem myndi tryggja öryggi og bæta aðgengi ört vaxandi gestafjölda á eyjunni.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn og var í framhaldinu sótt um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að halda samkeppni um útfærsluna og hlaut verkefnið styrkveitingu.

Leitað var samstarfs við Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) og var keppnin unnin samkvæmt keppnisreglum FÍLA.

Bæjarstjórn, FÍLA og dómnefnd þakkar þátttakendum fyrir metnaðarfullar og faglegar tillögur.

# MARKMIÐ

Helstu markmið keppninnar voru, auk þess að efla öryggi á vinsælum útsýnisstað að ýta undir náttúruupplifun og auka enn frekar aðdráttarafl Stykkishólms sem eftirsóknarverðs ferðamannastaðar á Snæfellsnesi.

Í keppnislýsingu segir „Leitast er eftir að fá fram hugmyndir að hönnun og efnisnotkun útsýnis-palls sem verður einstakur fyrir svæðið. Pallurinn/áfangastaðurinn skal falla vel að umhverfi Súgandiseyjar og tryggja öryggi einstaklinga og skal umfang hönnunar endurspegla það. Hönnun mun stuðla að því að heimsókn á þennan hluta Súgandiseyjar verði sérstök og upplifun fyrir þá sem koma til með að heimsækja áfangastaðinn.“

Í keppnislýsingu voru þessi leiðarljós dregin fram:

- Hönnun og skipulagið skal stuðla að sjálfbærni svæðisins.
- Tryggja öryggi fólks á svæðinu.
- Hönnun mannvirkja skal taka tillit til stöðu Stykkishólmsbæjar í byggingartækni og mannvirkjagerð, þó með þeim markmiðum að nýtt og gamalt geti farið vel saman og sýni hvort öðru tillitssemi.
- Hönnun skal tryggja lágmarks viðhalds- og rekstrarkostnað.
- Tryggja skal náttúrulegan fjölbreytileika landslags og lífríkis.
- Svæðið skal vera álitlegur áfangastaður og stuðla að útivist og hreyfingu.

Meginmarkmið í keppnislýsingu voru:

- Að setja fram raunhæfa framtíðarsýn fyrir svæðið. Framtíðarsýnin tryggi öryggi fólks, útsýni, upplýsingaskilti og upplifun á svæðinu. Þátttakendum er frjálst að leggja til breytingar á núverandi göngustígum eða öðru við skilgreint svæði, skipulag og hönnun skal þó bera virðingu fyrir núverandi náttúru sem og öðru á eyjunni.
- Að setja fram hugmyndir að hönnun útsýnis-palls sem verður staðsettur innan eða við tilgreint svæði og er vinsælt að fara út á í dag.
- Að útsýnisstaðurinn verði einstakur í sínum flokki hvað varðar fagurfræði og staðsetningu.
- Að marka stefnu til að lágmarka fallhættu á svæðinu.
- Að skipulag, yfirbragð og form mannvirkja falli vel að núverandi landslagi.
- Að setja fram hugmyndir að efnisnotkun sem styrkir heildstæða upplifun á svæðinu.
- Hámarks-kostnaður vegna framkvæmdar á grundvelli vinningstillögu er áætlaður frá 10-35 millj. (m. vsk).



# TEGUND OG TILHÖGUN KEPPNINNAR

Samkeppnin er skilgreind sem lokuð hugmynda-  
samkeppni og sóttu tuttugu og tvö teymi um þátttöku.  
Þar sem öll teymin uppfylltu fagleg viðmið voru fjögur  
teymi dregin út í votta viðurvist, sem voru auk trúnað-  
armanns, ritari keppinnar og Björn Ingi Eðvaldsson  
landslagsarkitekt.

Eftirtalin teymi voru dregin út:

- Tendra og MAD
- KRADS og Schöherr
- Trípólí og Ómar Ingþórsson
- Landslag og Gláma Kím

Nafnleynd hvíldi á framlögðum tillögum þar til dóm-  
nefnd hafði skilað álitinu sínu.

Hvert teymi fékk greitt 750.000+ vsk fyrir tillögur sínar,  
en auk þess verður greitt 500.000+ vsk fyrir vinnings-  
tillöguna.

Bæjarstjórn stefnir að því að klára áframhaldandi  
hönnun til framkvæmdar í samvinnu við vinningshafa,  
en sótt verður um styrk úr framkvæmdasjóði ferða-  
mannastaða í verkefnið .

# DÓMNEFND, RITARI OG TRÚNAÐARMAÐUR

## DÓMNEFND

Formaður dómnefndar: Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri, fulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Ásmundur Þrastarson verkfræðingur, fulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt, fulltrúi FÍLA.

## VERKEFNISSTJÓRI OG RITARI DÓMNEFNDAR

Sigurbjartur Loftsson byggingarfræðingur frá Stykkishólmi

## TRÚNAÐARMAÐUR

Ólafur Melsted, landslagsarkitekt FÍLA

# NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Það er álit dómnefndar að samkeppnin hafi tekist vel til og hún hafi skilað mjög metnaðarfullum og faglegum tillögum. Öll teymin hafa unnið tillögurnar í samræmi við keppnislýsingu og þær kröfur sem lagðar voru fram. Mikil vinna liggur að baki allra tillagnanna og myndræn framsetning og textagerð er einstaklega skýr og aðgengileg.

Dómnefnd lagði áherslu á að velja tillögu sem uppfyllti flest þau skilyrði sem lagt var upp með, en auk þess var reynt að leggja mat á kostnaðarrámann sem gefinn var upp í forsögn.

Dómnefnd var sammála um að tillagan sem valin var í verðlaunasætið og skar sig úr með nýstárlegri nálgun, hefði auk þess ýmsar áhugaverðar skírskotanir í menningu og náttúru svæðisins.

# VINNINGSTILLAGA

## FJÖREGG

TILLAGA NR 43975

HÖFUNDAR:


GLÁMA KÍM OG LANDSLAG


Í SAMSTARFI VIÐ ÓLÖFU NORDAL OG GUNNAR KARLSSON

## FJÖREGG

Tillagan er einföld og snjöll í senn, hlaðin ljóðrænu og tilvísunum í náttúru og matarkistu Breiðafjarðar.

Markmið höfunda um að gera sem minnst inngrip er vel útfært og upplifunarpáttur staðarins fær listræna vídd. Eggið á bjargbrúninni hefur skemmtilega tilvísun í fallvæðleika sem höfundar leika sér með og vísun í bjargfuglinn sem verpir að manni finnst á blábrúninni. Upplifunarpáttur verksins og leikgleði þar sem manneskjan gægist út úr egginu til að skoða umhverfið er vel leyst en jafnframt er hugað að öryggi notanda á öllum aldri.





Tillaga um að hreinsa ofan af berginu og móta göng að því er skemmtileg, einnig tillögur um að móta sæti í bergið við Klofið á móts við Stöngina.

Handrið á bjargbrún með léttleikandi bylgjuhreyfingu er áreynslulaus og sannfærandi nálgun.


Efnisnotkun er spennandi þar sem kopar í eggjaskurninni mun umbreytist í grænan lit og göt sem mynda op og mynstur á egginu eru líka ljósop sem í myrkri umbreytist í dauft lýsandi listaverk á bjargbrúninni.














Dómnefnd telur að Fjöreggið muni hafa mikið aðdráttarafl í sjálfu sér og verða listræn staðarprýði.

Útfærslan er mjög líkleg til að standast þann kostnaðarramma sem lagt var upp með, sem styður enn frekar við val dómnefndar á henni sem vinningstillögu.



# AÐRAR TILLÖGUR

## STEFNIÐ Í STYKKISHÓLM

TILLAGA NR 76737

### HÖFUNDAR:

KRADS EHF – KRISTJÁN EGGERTSSON, KRISTJÁN ÖRN KJARTANSSON, ÓLI GEIR KRISTJÁNSSON  
SCHØNHERR – RIKKE JUUL GRAM, SIGNE WINTHER BEILMAN

TEXTAGERÐ: GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR

VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF: NEW NORDIC ENGINEERING EHF

## STEFNIÐ Í STYKKISHÓLMI


Tillagan er mjög hugvitsamlega útfærð að því leiti að útsýnistanginn helst óbreyttur, en sjálft mannvirkið fer niður fyrir bjargbrúnina. Vísun í skipsstafnið og tilfinningin fyrir sjónum undir og allt um kring er vel útfærð, eins upplifunin af berginu séð frá útsýnisstaðnum. Flæði fólks er vel leyst með því að útsýnisstaðurinn er hluti af hringleið um eyjuna. Útfærslan byggir upp ákveðna spennu og eftirvæntingu á leiðinni að útsýnisstaðnum sem er falinn neðan við bjargbrúnina. Efnisval í handriði með vísun í skip er nokkuð rökrétt, en mannvirkið verður þó fremur massívt í útfærslu. Festingar inn í bergið verður líklega mjög flókin í framkvæmd og kostnaðarsöm og spurningar vakna hvort ekki þurfi skástífur þar sem útkrögunin er mest og myndi það lýta mannvirkið. Tillagan er líklega talsvert dýrari en lagt var upp með í keppnislýsingu.








Snæðing, AA, 1:200





Það sem er heillandi er jafnframt hættulegt. Breiðafjörðurinn lokkar ferðalanga fram á ystu brún Klettatanga. Hvernig má halda þessari upplifun, en varna óheppilegum afleiðingum seiðmögunarinnar?



Hvernig má draga úr áhrifum innsetningarinnar...

...fyrir þá sem kjósa að njóta sinnar stundar á náttúrulegri niðurbunni, eins og hingað til hefur verið gert?

Aðgerðin er að gera hið óvænta: að halda áfram og stíga niður fyrir ystu brún



# AÐRAR TILLÖGUR

## SÚGANDISEY

TILLAGA NR 79166

HÖFUNDAR:

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR- ANDRI GUNNAR LYNGBERG ANDRÉSSON, GUÐNI VALBERG, JÓN DAVÍÐ ÁSGEIRSSON

LANDSLAGSARKITEKT – ÓMAR INGÞÓRSSON




VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF: VSÓ RÁÐGJÖF- ATLI ÖRN HAFSTEINSSON

## SÚGANDISEY

Í tillögunni er leikið með skírskotanir í efnivið, form og arkitektúr í mannvirkjum í Stykkishólmi. Útfærslan er hugvitsamlega gerð gagnvart flæði fólks um útsýnisstaðinn, þar sem hann verður hluti af hringleið um eyjuna. Steypa og stálbitar sem bera útkrögun útsýnisstaðar er sannfærandi lausn gagnvart burði mannvirkisins, en gæti þó þýtt að mannvirkið verði full hátt í landinu. Efnisval í handriðum úr ryðfríu stáli, með tilvísun í þakskífur og skeljaformið er skemmtileg nálgun, en handriðið virkar þó, nokkuð hátt og völdugt og verður kannski full frekt í náttúrunni. Útfærsla handriðs myndi sennilega sóma sér betur í byggðinni sjálfri. Hugmynd um að hafa tangann sem eyju í miðju mannvirkisins er áhugaverð nálgun, en handrið umhverfis hann vinnur þó dálítið gegn hugmyndinni. Útfærslan er líkleg til að kosta eitthvað meira en lagt var upp með í keppnislýsingu.











# AÐRAR TILLÖGUR

## SÚGANDISEY - PERLA VIÐ STYKKISHÓLM

TILLAGA NR 01942

HÖFUNDAR:

TENDRA ARKITEKTAR - ÞÓRARINN MALMQUIST, JÓHANN SIGURÐSSON, HULDA SIGMARSDÓTTIR

MAD - VILHJÁLMUR LEVÍ EGILSSON, ILYA PUGACHENCO, DONATAS GRINIUS



## SÚGANDISEY - PERLA VIÐ STYKKISHÓLM

Í tillögunni er lögð áhersla á heildarferðalag um eyjuna og lagðir til áhugverðir áningarstaðir á „perlufestinni“ sem er hringleiðin um eyjuna.

Útfærsla útsýnisstaðar og handriða með tilvísun í stuðlabergið er áhugaverð, gler í bland við stálfleka léttir mannvirkið útlitslega en jarðfestingar á bjargbrúninni virka ekki sannfærandi. Útkrögun fram af bjarginu sem útsýnis og spennuþáttur í upplifuninni með Titanic tilvísun, er athyglisverð, en hlutföll í þrívíddarmynd eru nokkuð villandi er varðar stærð áningarstaðar.

Tillagan gæti mögulega verið innan kostnaðarrammans, en festingar í bergið er þó nokkuð stór óvissuþáttur í framkvæmdinni.



